

Þema 4. bekkur 2021 - 2022

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Samfélags- og náttúrufræði snýst um að auka og styrkja áhuga nemenda á umhverfi og samspili manns og náttúru. Ásamt því að styrkja nemendur í félagsfærni.

Kennari verður með innlögn, nemendur vinna hópverkefni og einstaklingsverkefni og taka þátt í umræðum. Í lok hvers námsþáttar verður mat sem byggist ýmist á mati kennara, sjálfsmati, námsmatsverkefnum eða könnunum eða blöndu af þessu. Námsmat er kynnt fyrir nemendum þar sem farið er yfir hæfniviðmið sem fylgja hverjum námsþætti. Foreldrar fá aðgang að mati á Mentor sem ætti að nýttast foreldrum til að styrkja og styðja við nám barna sinna.

Leitast er við að mæta þörfum allra nemenda með fjölbreyttum og áhugavekjandi verkefnum. Stoðþjónasta er í boði fyrir þá nemendur sem þess þurfa ásamt því að bráðgerir nemendur fá aukaverkefni sem dýpka þeirra skilning á námsefninu. Kröfur eru gerðar til nemenda í samræmi við námslega getu þeirra.

Námsáætlun

Tímabil	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
Ágúst – september	- Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti.	- Geta sagt frá íslensku samfélagi fyrr á tímum. - Geta sýnt tillitsemi í leik og starfi.
	- Uppbygging til ábyrgðar.	- Geta séð það jákvæða í fari annara, hjá sjálfum sér og í verkefnum sínum.
Október	- Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti.	- Geta sagt frá dæmum um hvernig loftslag og gróðurfar hefur áhrif á hvernig fólk lifir. - Kunni einkunarorð skólans og farið eftir þeim.
	- Uppbygging til ábyrgðar.	-
Nóvember	- Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti.	- Geta sagt frá hvernig sagan birtist í munum og minningum.
	- Uppbygging til ábyrgðar.	- Geta rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu.
	- Barnasáttmáli Sameinuðuþjóðanna.	- Sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra.
	- Komdu og skoðaðu himingeyminn.	- Þekkt til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
Desember	- Komdu og skoðaðu himingeyminn.	- Geta sagt frá helstu hátíðum og siðum ýmisa trúarbragða. - Geta áttað sig á muninum á mismunandi lífsviðhorfum.
	- Uppbygging til ábyrgðar.	- Geta borið virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.
Janúar	- Komdu og skoðaðu himingeyminn.	- Geta aflað sér upplýsingar um himingeiminn. - Geta notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga.
	- Uppbygging til ábyrgðar.	- Geta hlustað á og rætt hugmyndir annara.
Febrúar	- Komdu og skoðaðu himingeyminn.	- Geta í máli og myndum sagt frá hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum.

Mars	- Uppbygging til ábyrgðar.	- Geta gert sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni.
	- Komdu og skoðaðu hringrásir.	- Geta aflað sér upplýsinga er varða hringrásir í náttúrunni.
	- Uppbygging til ábyrgðar.	- Geta útskýrt mismunandi hringrásir í náttúrunni.
Apríl	- Komdu og skoðaðu hringrásir.	- Geta sagt frá hvernig orð og athafnir hafa áhrif á aðra.
	- Uppbygging til ábyrgðar.	- Geta útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi.
	- Uppbygging til ábyrgðar.	- Geta notað einföld hugtök í náttúruvísindum í skrifuðum texta.
Maí - júní	- Komdu og skoðaðu hringrásir.	- Geta sagt frá hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara.
	- Uppbygging til ábyrgðar.	- Geta flokkað úrgang.
	- Uppbygging til ábyrgðar.	- Geta skrjáð atburði og athuganir með myndum, eigin orðum í frásögn.
	- Uppbygging til ábyrgðar.	- Geta tekið þátt í að skoða og bæta eigið umhverfi og náttúru.
		- Geta áttað sig á að þau eru hluti af stærra samfélagi.

Grunnþættir menntunar

Læsi

Að nemendur læri að lesa á sitt nærumhverfi og að þeir fái þjálfun í myndlæsi.

Sjálfbærni

Að nemendur verði meðvitaðir um endurvinnslu, flokkun og verndun á nánasta umhverfi.

Heilbrigði og velferð

Að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að neyta hollrar fæðu, hreyfa sig og gæta hreinlætis.

Lýðræði og mannréttindi

Að nemendur verði meðvitaðir um réttindi sín og skyldur í lýðræðissamfélagi og læri að taka ábyrgð á eigin lífi.

Jafnrétti

Að nemendur geri sér grein fyrir því að við erum ekki öll eins og að fjölbreytileiki og mismunur er eðlilegur.

Sköpun

Að nemendur vinni með skapandi verkefni og þeir fái að nýta sköpunarkraft sinn og ímyndunarafli.

Námsmat

Verkefni nemenda eru metin með "framúrskarandi", "hæfni náð", "á réttri leið" o.fl. Litakóðun hæfniflísá á hæfnikorti nemanda gerir foreldrum og nemendum auðveldar að sjá hvort námið gangi vel. Þannig merkir grænn litur til að mynda að hæfni sé náð.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti Einkunnarorð skólans, virðing, ábyrgð og vellíðan eru höfð að leiðarljósi. Samskipti skulu einkennast af gagnkvæmri virðingu og tillitssemi.

Mæting	Nemendur bera ábyrgð á að mæta stundvíslega í tíma.
Virgni í tímum	Áhersla lögð á að nemendur öðlist hæfni til að geta unnið sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
Heimavinna	Heimavinnu skal skilað á réttum tíma. Heimavinna er afhent á þriðjudögum og henni skal skilað í síðasta lagi viku síðar.
Ábendingar um hjálpargögn fyrir nemendur	Ýmsar gagnlegar vefsíður eins og Krakkavefur á mms.is.
Stoðþjónusta nemenda	Áætlun um stoðþjónustu er unnin með sérkennara.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

Sel - Þemanám 4. bekkur - Náttúrugreinar, samfélagsgreinar, lífsleikni

- Sagt frá íslensku samfélagi fyrir á tímum.
- Sagt frá helstu hátíðum og siðum ýmisa trúarbragða.
- Sagt frá dæmum um hvernig loftslag og gróðurfar hefur áhrif á hvernig fólk lifir.
- Gert sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni.
- Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi.
- Tekið þátt í að skoða og bæta eigið umhverfi og náttúru.
- Séð það jákvæða í fari annara, hjá sjálfum sér og í verkefnum sínum.
- Þekkt til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Sagt frá hvernig orð og athafnir hafa áhrif á aðra.
- Sagt frá hvernig sagan birtist í munum og minningum.
- Áttað sig á muninum á mismunandi lífsviðhorfum.
- Aflað sér upplýsingar um himingeiminn
- Aflað sér upplýsinga er varða hringrásir í náttúrunni.
- Notað einföld hugtök í náttúruvísindum í skrifuðum texta.

- Flokkað úrgang.
- Kunni einkunarorð skólans og farið eftir þeim.
- Notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga.
- Skráð atburði og athuganir með myndum, eigin orðum í frásögn.
- Rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu.
- Borið virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum
- Í máli og myndum sagt frá hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum.
- Útskýrt mismunandi hringrásir í náttúrunni.
- Sagt frá hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara.
- Sýnt tillitsemi í leik og starfi.
- Sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra.
- Hlustað á og rætt hugmyndir annara.
- Áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi.

Sel - Þemanám 4. bekkur - Lykilhæfni

- Jafnan tekið tillit til annarra, verið virk/-ur í hópastarfi og lagt sitt af mörkum
- Nýtt tímann vel og lagt sig fram við námið